

Grænt bókhald

Vegna ársins 2005

Sagaplast ehf.,
kt. 611293 – 2169
Flokkur 5.1
Gufunes
112 Reykjavík

Efnisinnihald:

- Yfirlýsing stjórnar
- Áritun endurskoðanda
- Almennar upplýsingar
- Breytur og auðlindanotkun
- Lokaorð


Yfirlýsing stjórnar.

Hér birtist þriðja skýrsla Sagaplast ehf um grænt bókhald sbr. reglugerð nr 851/2002.

Starfsemin er spilliefnaþjónusta fyrir sveitarfélög á Íslandi. Ennfremur er hún fólgin í móttöku og útflutningi á böggðum nælönnetum, pappír og plastefnum

Virðingarfyllt
f.h. stjórnar Sagaplast ehf

SAGAPLAST EHF.
Kt. 611293-2169


framkvæmdastjóri

Áritun endurskoðanda.

Til stjórnar Sagaplasts ehf.


Við höfum endurskoðað skýrslu um grænt bókhald Sagaplasts ehf. fyrir árið 2005 en hún hefur að geyma yfirlýsingu framkvæmdastjóra, yfirlit um auðlindanotkun ásamt öðrum upplýsingum um hvernig umhverfismálum félagsins er háttað. Skýrslan er lögð fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á skýrslunni á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald. Samkvæmt henni ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægileg víska fáiast um að tölur sem gefnar eru upp í skýrslunni séu réttar og í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins. Endurskoðunin felur í sér athuganir á gögnum í fjárhagsbókhaldi til að sannreyna að fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum séu í samræmi við skýrslu um grænt bókhald. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að skýrsla um grænt bókhald sé í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins á árinu 2005, og aðrar upplýsingar sem í henni koma fram séu rétt fram settar.

Reykjavík, 28. apríl 2006.

Grant Thornton endurskoðun ehf.



Gerður Guðjónsdóttir
lögiltur endurskoðandi

Almennar upplýsingar.

- Nafn fyrirtækisins er Sagaplast ehf og kennitala þess er 611293-2169.
- Lögheimili er við Gufunes 112 Reykjavík.
- Framkvæmdarstjóri fyrirtækisins er Gunnar Bragason.
- Í stjórn fyrirtækisins sitja.
Formaður: Ögmundur Einarsson
Meðstjórnendur: Haraldur Ólason
Gunnar Bragason
- Fyrirtækið er í flokki 5.1 skv. fylgiskjali með reglugerð um grænt bókhald
- Sagaplast ehf er með starfsleyfi sem gildir til 1. september 2010.
- Tímabil græns bókhald er almanaksárið.

Umhverfisstefna.

Stjórn Sagaplast ehf. hefur samþykkt ákveðna umhverfisstefnu til að skýra áherslur fyrirtækisins í umhverfismálum.

Eftirfarandi stefnumarkmið eru höfð að leiðarljósi við alla vinnu í fyrirtækinu.

- Að öll aðstaða fyrirtækisins sé til fyrirmyndar.
- Að með vali á rekstrarvörum og við tækjakaup sé haft að leiðarljósi að lágmarka úrgang og mengun.
- Að fylgjast með þróun í umhverfismálum, innleiða, nýjar aðferðir og vinna stöðugt að umbótum í umhverfisstjórnun.
- Að nota hreina orkugjafa þar sem þess er kostur.
- Að lögð verði áhersla á að minnka pappírnótun í rekstri fyrirtækisins og flokka og endurvinna þann pappír sem til fellur og nota endurunnar vörur sé þess kostur.
- Að finna hagkvæmar lausnir á þeim viðfangsefnum sem fyrirtækið tekst á við á hverjum degi og gæta þess að þær séu í fullri sátt við náttúru landsins og samkvæmt þeim lögum og reglugerðum sem í gildi eru á hverjum tíma.

Hlutverk Sagaplast ehf.,

Starfsemin felst í að annast spilliefnaþjónustu fyrir sveitarfélög á Íslandi. Ennfremur er hún fólgin í móttöku og útflutningi á t.d. böggðum nælonnetum, pappír og plastefnum.

Á árinu 2005 tók fyrirtækið á móti 1.233.993 kg af spilliefnum og öðrum sértækum úrgangi. Þar af fóru 914.789 kg til útflutnings en til frekari meðhöndlunar innanlands fóru 319.204 kg.